

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 89/98
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 72/98/EB frá 31. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/73/EB frá 15. desember 1997 um að bæta virku
efni (ímasalíli) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu
plöntuvarnarefna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II.
viðauka við samninginn:

„- **397 L 0073:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/73/EB frá 15. desember
1997 (Stjtið. EB L 353, 24.12.1997, bls. 26).”.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 353, 24.12.1997, bls. 26.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/73/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner